

# KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN MIÐSTÖÐVAR ÚTIVISTAR OG ÚTINÁMS

Október 2021

Tilgangur verkefnisins er að greina helstu starfsemi Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ) með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS).



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## Efnisyfirlit

Samantekt - helstu tillögur .....	2
Inngangur .....	3
Starfsumhverfi Miðstöðvar útivistar og útináms .....	4
Útilífssvið Gufunesbæjar .....	4
Menntastefna Reykjavíkurborgar.....	5
Jafnréttisáætlun Gufunesbæjar.....	5
Námskeið í boði 2018-2021.....	6
Leiðbeinendur .....	6
Þátttakendur.....	6
Aðgengi að námskeiðum .....	6
Önnur þjónusta MÚÚ í boði 2018-2021.....	7
Úti er ævintýri.....	7
Lundurinn - útikennslustofa .....	8
Perlan Museum og Náttúruminjasafn .....	9
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn .....	9
Samstarf við Birtu stoðdeild .....	9
Skíða á skólatíma .....	10
Skíðabrekkur í skóla- og frístundastarfi.....	10
Klifurturninn .....	10
Samantekt .....	12
Fylgiskjal 1. Skráning - Út vil ek námskeið .....	13
Fylgiskjal 2. Skráning - Önnur þjónusta MÚÚ.....	14
Fylgiskjal 3. Erindisbréf.....	15

## Samantekt - helstu tillögur

Við greiningu á helstu verkefnum MÚÚ með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar er varpað ljósi á þætti sem starfsfólk MÚÚ hefur alla jafna ekki leitt hugann að á skipulagðan hátt. Þegar rýnt er í starfseminu kemur í ljós að margt í starfseminni hefur jákvæð jafnréttisáhrif en einnig kemur í ljós að ýmislegt má skoða betur og markvissar út frá jafnréttissjónarmiðum.

Helstu tillögur eru:

- Skoða hvort hægt sé að höfða meira til karlkyns kennara og leiðbeinenda við val á námskeiðum og annarri dagskrá, en svo virðist sem þeir séu síður að skrá sig á námskeið eða í aðra dagsskrá hjá MÚÚ.
- Skoða þarf betur upplýsingagjöf á vefsíðu MÚÚ varðandi:
  - aðgengi hreyfihamlaðra að dagskrá og námskeiðum MÚÚ. Einnig þarf að skoða mögulegt samstarf við hagsmunaaðila hreyfihamlaðra og annara hópa með sérþarfir. Sem dæmi um samstarf væri útfærsla á dagskrá fyrir sértæku félagsmiðstöðvarnar og betra aðgengi, t.d. að klifurturni.
  - upplýsingagjöf um það hráefni sem notað er til matargerðar í dagskrá MÚÚ.
  - hvort ástæða sé til að upplýsingar frá MÚÚ og efnisþættir í dagskrá séu þýddir yfir á önnur tungumál.
- Gera markvissa jafnréttisáætlun og vinna að henni með fræðslu og viðmiðum um árangur fyrir starfsfólk.
- Að markvisst verði unnið að því að jafnréttissjónarmið verði einn af grunnþáttum í vinnu við starfsáætlun MÚÚ.
- Að skoða betur möguleika á rútupjónustu í skólastarfi til að tryggja aðgengi skólahópa að ýmiskonar fræðslu. Tilraunaverkefni gekk vel á síðasta starfsári og verður reynt að endurtaka það á þessu starfsári.

## Inngangur

Í júní 2021 skipaði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs verkefnahóp til að rýna starfsemi Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ) með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS).

Rýna skyldi í hvort skipulag og framboð á námskeiðum komi jafnt til móts við börn og unglinga af öllum kynjum og á öllum aldri. Einnig skyldi greina önnur verkefni MÚÚ svo sem skíðabrekkur, heimsóknir í Perluna og önnur verkefni sem hópurinn teldi mikilvægt að greina út frá jafnréttissjónarmiðum og aðgengismálum. Sérstaklega skyldi rýna í jafnréttisáhrif með tilliti til jaðarhópa s.s. barna með fötlun, barna með annað móðurmál en íslensku og barna sem búa við fátækt.

Samkvæmt erindisbréfi voru helstu verkefni:

- Að taka saman lista yfir þau námskeið sem í boði voru á skólaárunum 2019-2020 og 2020-2021
- Að taka saman lista yfir þá hópa sem þegið hafa aðra þjónustu MÚÚ á skólaárunum 2019-2020 og 2020-2021
- Að taka saman upplýsingar um aldur þátttakenda og kyn þar sem þær upplýsingar liggja fyrir
- Að skoða hvort einhver námskeið eða þjónusta hafi sérstaklega jákvæð jafnréttisáhrif fyrir einhverjar hópa
- Að skoða hvort einhverjir hópar barna séu útilokaðir frá einhverjum námskeiðum eða þjónustu t.d. vegna hreyfihömlunar, íslensku kunnáttu eða fjárhags
- Að skoða kynjahlutföll leiðbeinenda námskeiða og þeirra kennara sem skrá hópa á námskeið
- Að leggja fram tillögur að frekari greiningu eða úrbótum eftir því sem við á

Ákveðið var að bæta starfsárinu 2018-2019 við í samanburðinn vegna þeirra aðstæðna sem skapast höfðu í samfélaginu út af Covid19. Starfsárin 2019-2021 voru mjög frábrugðin venjulegri starfsemi MÚÚ vegna allra þeirra takmarkanna í skóla- og frístundastarfi sem áttu sér stað í tengslum við Covid19.

Starfsemi MÚÚ hefur verið í sífelldri þróun síðustu ár. Samhliða starfseminni hefur verið unnið í vefsíðu og markaðsmálum þegar tími hefur gefist til ásamt því að taka upp skráningarkerfi. Á því tímabili sem um ræðir hafa gögn verið sótt í tölvupósta, dagbækur, excel skjöl og þrjú skráningarkerfi.

Verkefnahópurinn skipuðu:

Stína Bang, verkefnisstjóri MÚÚ og starfsmaður hópsins.

Hafsteinn Grétarsson, deildarstjóri útilífssviðs Gufunesbæjar og formaður hópsins.

Helgi Grétar Helgason, sérfræðingur hjá fjármála og rekstrarþjónustu SFS.

Sérfræðingar sem leitað var til:

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur

# Starfsumhverfi Miðstöðvar útivistar og útináms

## Útilífssvið Gufunesbæjar

Frístundamiðstöðin Gufunesbær hefur alltaf lagt mikla áherslu á útivist í sínu starfi, allt frá útiævintýrum á lóð frístundaheimila upp í það að fara með ungmenni félagsmiðstöðva í krefjandi ferðalög. Útilífssvið Gufunesbæjar felur í sér þrennskonar starfsemi sem í daglegu tali er kallað MÚÚ:

Frístundagarðurinn við Gufunesbæ.

Gufunesbær hefur lagt mikla áherslu á uppbyggingu frístundagarðsins við Gufunesbæ í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur. Lögð er áhersla á að allir geti nýtt sér aðstöðuna sér að kostnaðarlausu allan ársins hring. Þá hefur líka verið lögð mikil áhersla á móttöku hópa á svæðið frá starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Unnið hefur verið markvisst í því að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að svæðinu.

Skíðasvæðin í borginni.

Gufunesbær hefur einnig séð um rekstur skíðasvæðanna í borginni, (Ártúnsbrekku, Breiðholtsbrekku og Grafarvogsbrekku), fyrir hönd íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur. Skíðabrekkurnar hafa verið opnar á 35 – 45 daga á ári að meðaltali.

## Miðstöð útivistar og útináms

Er miðlæg þekkingarstöð á sviði útivistar og útináms fyrir skóla- og frístundarstarf í Reykjavík. Hlutverk MÚÚ er að veita stuðning og ráðgjöf við eflingu útivistar og útináms í nærumhverfi barna og unglinga í hverfum borgarinnar með því að:

- efla og styrkja þekkingu starfsfólks hjá SFS í útinámi, útivist og sjálfbærni.
- ýta undir og styðja við útinám og útivist í degi barnsins.
- gera framkvæmd útináms og útivistar auðveldari.
- halda utan um miðlæg verkefni SFS sem tengjast útivist, útinámi og sjálfbærni.

## Gildi Gufunesbæjar

### Gleði

- Við leggjum áherslu á að skapa góða liðsheild.
- Við hrósum og hvetjum alla til að gera sitt besta.
- Við temjum okkur jákvætt hugarfar.
- Við lærum í gegnum leik og gerum daginn eftirminnilegan.

### Fjölbreytni

- Við berum virðingu og sýnum umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum og viðhorfum.
- Við erum opin fyrir nýjungum og tilbúin í breytingar.
- Við leggjum áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð í leik og starfi.
- Við fögnum margbreytileika og komum til móts við ólíkar þarfir og áhugasvið einstaklinga og hópa.

### Fagmennska

- Við erum fyrirmyndir og leggjum okkur fram við að vera besta útgáfan af okkur sjálfum.
- Við sýnum frumkvæði, setjum okkur markmið og leitum stöðugt leiða til að þróa hæfni okkar og þekkingu.
- Við leggjum áherslu á traust og samvinnu og erum heiðarleg í samskiptum

## Menntastefna Reykjavíkurborgar

Starfsáætlun Gufunesbæjar (og MÚÚ) tekur mið af Menntastefnu Reykjavíkurborgar sem byggir á grunnstefum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barna skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu í þeim tilgangi að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Menntastefnan byggir á fimm grundvallaráttum sem falla mjög vel að starfsemi MÚÚ. Þættirnir eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

## Jafnréttisáætlun Gufunesbæjar

MÚÚ fylgir jafnréttisáætlun Gufunesbæjar og hefur ekki sett sér stök markmið umfram þau sem þar koma fram. Í þeirri áætlun koma m.a. fram markmið um:

- að auka þekkingu og færni starfsfólks varðandi jafnréttismál
- að efla þekkingu starfsfólks á einkennum kynferðislegrar áreitni/ofbeldis og eineltis

Þessum markmiðum er fylgt eftir með námskeiðshaldi fyrir starfsmenn Gufunesbæjar (og MÚÚ). Að öðru leyti hefur ekki verið unnið markvisst með jafnréttismál í starfsemi MÚÚ.

## Námskeið í boði 2018-2021

Miðstöð útivistar og útináms býður starfsfólki skóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar upp á örnámskeið sem tengjast útinámi og útivist undir formerkjum **Út vil ek**. Námskeiðin eru starfsfólki SFS að kostnaðarlausu. Markmið fræðslunnar er að hvetja kennara og leiðbeinendur til að nýta sér útikennslu og útivist í starfi með börnum og ungmennum. Leiðbeinendur á námskeiðum eru starfsfólk MÚÚ, kennarar og leiðbeinendur hjá Reykjavíkurborg og utan að komandi sérfræðingar.

Í Fylgiskjali 1. Skráning - Út vil ek námskeið má sjá lista yfir námskeið, fjölda þátttakenda og kyn leiðbeinenda og þátttakenda. Þegar þessi gögn eru skoðuð þarf að hafa í huga eftirfarandi:

- Starfsárið 2018-2019 er eina starfsárið sem Covid19 hefur ekki áhrif á. Þar eru námskeið í boði bæði á haustönn og vorönn. Samstarf við Háskóla Íslands er ekki byrjað.
- Starfsárið 2019-2020 eru engin námskeið í boði á vorönn vegna Covid19. Samstarf við Háskóla Íslands er byrjað. Í boði voru sex námskeið fyrir nemendur HÍ, en opin starfsfólki SFS líka.
- Starfsárið 2020-2021 voru engin námskeið í boði vegna Covid19, fyrir utan tólf námskeið sem í boði voru fyrir nemendur HÍ. Þau námskeið voru einnig opin starfsfólki SFS, en nýttist þeim ekki þar sem allt starfsfólk var í sínu sóttvarnarhólfi.

### Leiðbeinendur

Fjórir starfsmenn MÚÚ hafa skipt með sér námskeiðshaldi. Af þeim eru þrír karlkyns leiðbeinendur og einn kvenkyns. Þetta endurspeglast í tölum 2020-2021, þar sem einungis var um að ræða starfsmenn MÚÚ sem leiðbeinendur á námskeiði. Þá gefa tölurnar til kynna að þegar fengnir eru utan að komandi leiðbeinendur virðast þeir yfirleitt vera kvenkyns, sbr. starfsárin 2019-2020 og 2018-2019.

Leiðbeinendur	KK	KVK
2020-2021	8	3
2019-2020	7	7
2018-2019	6	10

### Þátttakendur

Þegar rýnt er í tölur yfir þátttakendur á námskeiðum má sjá að það eru fleiri kvenkyns þátttakendur sem taka þátt heldur en karlkyns. Ef horft er á starfsárið 2018-2019, þegar samstarf við HÍ er ekki byrjað má sjá að hlutfall karlkynsþátttakenda er í kringum 40%. Hlutfallið er tæplega 30% starfsárið 2020-2021 þegar aðeins er um að ræða nemendur frá HÍ. Starfsárið 2019-2020 er hlutfall karlkyns þátttakenda um 20%. Það eru því töluvert færri karlkyns kennarar og leiðbeinendur sem taka þátt í námskeiðum MÚÚ. Með hliðsjón af þessum tölum má velta fyrir sér ástæðum hvers vegna svo sé. T.d.:

Þátttakendur	KK	KVK
2020-2021	40	102
2019-2020	39	154
2018-2019	74	116

- Er hlutfall karlkyns kennara og leiðbeinenda á SFS lægra en kvenkyns kennara og leiðbeinenda?
- Er hlutfall karlkyns nemenda í HÍ (Tómstunda- og félagsmálafræði og Íþrótt og heilsufræði) lægra en kvenkyns nemenda.
- eru námskeið sem eru í boði ekki að höfða eins mikið til karlkyns kennara og leiðbeinenda á SFS eins og þau gera fyrir kvenkyns kennara og leiðbeinendur.

Upplýsingar um aldur þátttakenda í námskeiðum eru ekki til.

### Aðgengi að námskeiðum

Námskeið MÚÚ eru flest haldin í Lundinum (útinámssvæði) við Gufunesbæ, í Hlöðunni við Gufunesbæ eða á útivistarsvæðinu við Gufunesbæ. Sum námskeið eru haldin á öðrum stöðum að beiðni leiðbeinanda eins og t.d. við fjöru eða í Elliðaárdal eða á öðrum stað sem hentar námskeiðinu.

Gott aðgengi er fyrir hreyfihamlaða bæði að Lundinum og Hlöðunni. Námskeið sem fara fram á öðrum stöðum gætu verið fráhrindandi vegna aðgengi. Ekki hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna

þeirra námskeiða. Á starfsárinu 2020-2021 tóku nemendur HÍ í *Starfstengdu námi fyrir fólk með þroskahömlun* þátt í námskeiðum MÚÚ. Námskeiðin voru haldin í Lundinum, Hlöðunni og útivistarsvæði Gufunesbæjar. Þau námskeið gengu vel og fengu góðar umsagnir frá nemendum.

Síðustu tvö starfsár hafa öll námskeið MÚÚ verið starfsfólki SFS að kostnaðarlausu og öllum opin. Skráning á námskeið er rafræn. Í skráningu er hægt að koma skilaboðum til MÚÚ. Ekki er sérstaklega spurt um sérþarfir þátttakenda. Ekki er gefið til kynna með tákni eða í texta á skráningarsíðu hvort námskeið sé aðgengilegt hreyfihömluðum.

Tímasetningar námskeiða eru breytilegar eftir því hver markhópurinn er. Það er að segja hvort um er að ræða námskeið fyrir starfsmenn leikskóla, grunnskóla eða frístundamiðstöðva. Undanfarin ár hafa flest námskeið beinst að kennurum og leiðbeinendum í grunnskólum og aðeins minna í leikskólum, þó svo námskeiðin séu opin öllum. Mjög mikið hefur hallað á leiðbeinendur í frístundastarfi, bæði hvað varðar útfærslu á námskeiðum og tímasetningu á námskeiðum.

Upplýsingar um námskeiðin eru aðgengileg á vefsíðu MÚÚ og upplýsingapóstur um námskeið er sendur á alla skólástjóra, aðstoðarskólástjóra, deildarstjóra, kennara og forstöðumenn.

## Önnur þjónusta MÚÚ í boði 2018-2021

Miðstöð útivistar og útináms býður starfsstöðum skóla og frístundamiðstöðva SFS upp á ýmiskonar dagskrá sem tengist útinámi og útivist. Öll dagskráin er starfsstöðum SFS að kostnaðarlausu.

Í *Fylgiskjal 2. Skráning - Önnur þjónusta MÚÚ* má sjá lista yfir dagkrá í boði, fjölda og aldur þátttakenda og kyn skráningaraðila og þátttakenda. Þegar þessi gögn eru skoðuð þarf að hafa í huga að frá byrjun árs 2019 var dagskrá mjög háð Covid19 takmörkunum.

MÚÚ er ekki með upplýsingar um kyn þátttakenda í dagskrá, fyrir utan í *Skíðað á skólatíma*. Yfirleitt er um að ræða blandaðar bekkjardeildir skóla eða útivistarklúbba frá frístundamiðstöðvum. Hlutfall kynja í dagskrá MÚÚ er því alltaf í samræmi við samsetningu bekkjareilda eða hópa frá frístundamiðstöðvum.

### Úti er ævintýri

Miðstöð útivistar og útináms býður uppá útináms dagskrá undir nafninu **Úti er ævintýri**. Dagskránni er skipt upp í fjögur tímabil og er hvert tímabil með áherslu á mismunandi þemu og aldur barna. Markmið með dagskránni er:

- a) að gefa óvönum kennurum og leiðbeinendum tækifæri á að prufa útinám í öruggu umhverfi.
- b) að ýta undir áhuga og sá hugmyndum um hvernig megi framkvæma útinám.
- c) að stækka tengslanet MÚÚ út á vettvanginn.

Ef skoðaðar eru tölur yfir þá sem skrá hópa í dagskrá *Úti er ævintýri* má sjá að starfsárið 2018-2019 eru þeir sem skrá hópa innan við 15% karlkyns. Þetta hlutfall hækkaði starfsárin þar á eftir og var rúmlega 40% starfsárið 2020-2021. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á dagskránni þessi starfsár og heldur áfram að vera í stöðugri þróun. Þá má einnig sjá í tölum fyrir starfsárið 2020-2021 að um er að ræða stærra hlutfall karlkyns skráningaraðila ef dagskráin er fyrir eldri nemendur, (10 -16 ára).

Skráningaraðili	Hópar	KK	KVK
2020-2021	89	28	61
2019-2020	16	4	12
2018-2019	41	6	35

Öll dagskráin og gögn henni tengd eru á íslensku. Sum verkefni í dagskránni er þess eðlis að íslensku kunnátta er nauðsynleg og því ekki aðgengileg þeim sem ekki skilja íslensku.

Í flestum tilvikum er hægt að aðlaga dagskránni að börnum með hreyfihömlun en ekki hefur verið farið í sérstakt samstarf með hagsmunaaðilum um að gera aðgengi þeirra að dagskránni betra.



Ef um er að ræða matargerð í dagskránni þá er tekið tillit til þeirra sem eru með óþol, ofnæmi eða eru vegan. Upplýsingar um hráefni sem notað er í dagskránni er hins vegar ekki aðgengilegt á vefsíðu MÚÚ eða í upplýsingum um dagskránni.

### Lundurinn - útikennslustofa

Á útvistarsvæðinu við Gufunesbæ er útikennslustofa sem starfsstaðir SFS hafa aðgang að. Aðstaðan felur í sér skemmtilega afmarkað rjóður þar sem er eldstæði, tjaldskýli, tjald (með hita), eldivið o.fl. Aðstaðan er pöntuð rafrænt og kostar ekkert. Starfsmaður MÚÚ undirbýr aðstöðuna, tekur á mótí hópnum og fer yfir helstu atriði er varða notkun og umgengni.

Meirihluti þeirra sem skrá sig í Lundinn – útikennslustofu eru kvenkyns. Á síðasta starfsári voru karlkyns skráningaraðilar rétt um 30%. Árið þar á undan voru þeir um 10%. Starfsárið 2018-2019 var aðeins skráð eftir starfsstöðum og því liggja ekki fyrir upplýsingar um kyn skráningaraðila. Með hliðsjón af þessum tölum má velta fyrir sér ástæðum hvers vegna svo sé. T.d. er meira um að kennarar og leiðbeinendur yngri barna (leikskóli, yngsta- og miðstig grunnskóla) nýti sér aðstöðuna í Lundinum. Því mætti spyrja hvort hlutfall karlkyns kennara og leiðbeinenda yngri barna sé lægra en kvenkyns kennara og leiðbeinenda? Það leiðir hugann að því hvort:

Skráningaraðili	Hópar	KK	KVK
2020-2021	37	12	25
2019-2020	50	4	46
2018-2019	7	?	?

- að aðstaðan henti ekki eldri nemendum eða höfði ekki til þeirra?
- að kennarar og leiðbeinendur eldri nemenda eigi erfiðara með að finna tíma í stundatöflu / dagskrá í vettvangsferðir? Þ.e. að stundataflan sé orðin það flókin að hún hindri aðgengi að aðstöðunni og öðrum sambærilegum tilboðum.



## Perlan Museum og Náttúruminjasafn

Í samstarfi við Reykjavíkurborg bjóða Perla norðursins og Náttúruminjasafn Íslands nemendum 6. og 9. bekkjar í grunnskólum borgarinnar í fræðslu, skemmtun og upplifun á náttúrusýningu Perlunnar. Markmið heimsóknanna er að gefa nemendum tækifæri til að dýpka skilning sinn enn frekar á samspili manns og náttúru.

Skráning í heimsókn í Perluna Museum er aðalega í höndum kvenkyns starfsmanna, hvort sem um er að ræða bókun fyrir 6.bekk eða 9.bekk. Þó hefur aukning orðið á hlutfalli karlkyns skráningaraðila. Hafa ber í huga að einn skráningaraðili hefur stundum bókað nokkra hópa úr sama skóla. Þetta á sérstaklega við um bókanir fyrir 9.bekk þar sem stórir árgangar eru algengari. Ekki eru til upplýsingar um kyn skráningaraðila starfsárið 2018-2019.

Skráningaraðili	Hópar	KK	KVK
2020-2021	53	11	42
2019-2020	38	2	36
2018-2019	30	?	?

Starfsárin 2018-2020 bauðst skólum 20.000 kr. ferðastyrkur fyrir hvern hóp (allt að 50 nemendur). Það var gert til að tryggja aðgengi skóla að fræðslutilboðinu. Starfsárið 2020-2021 var sett í gang tilraunaverkefni sem fólst í því að kennarar gátu bókað rútu samhliða bókun í Perluna án kostnaðar fyrir skólann. Þetta var gert til að tryggja öryggi nemenda í miðju Covid19 og léttu álagið á kennurum í að skipuleggja heimsóknina. Þetta leiddi til þess að fleiri skólar nýttu sér fræðslutilboðið þrátt fyrir mjög erfiðar Covid19 aðstæður.

Aðgengi fyrir hreyfihamlaða að Perlunni Museum er mjög gott.

## Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn

SFS er með samstarfssamning við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn um að starfsstaðir SFS hafi aðgang að garðinum ásamt tiltekinni fræðslu. Sem dæmi um fræðslu eru *Vinumorgnar* fyrir 6.bekk, *Hugrakkir krakkar* og *Húsdýrin okkar* fyrir leikskólanemendur. MÚÚ hefur verið í sérstöku samstarfi með Fjölskyldu- og húsdýragarðinum um að auðvelda skólum aðgengi að fræðslunni um *Íslensku húsdýrin* sem ætluð er 3.bekk.

Skráning í þá fræðslu er alfarið í höndum kvenkyns starfsmanna starfsárin 2019-2021 en ekki eru til upplýsingar um kyn skráningaraðila starfsárið 2018-2019.

Skráningaraðili	Hópar	KK	KVK
2020-2021	23	0	23
2019-2020	8	0	8
2018-2019	19	?	?

Starfsárin 2018-2020 bauðst skólum 20.000 kr. ferðastyrkur fyrir hvern hóp (allt að 48 nemendur). Það var gert til að tryggja aðgengi skóla að fræðslutilboðinu. Starfsárið 2020-2021 var sett í gang tilraunaverkefni sem fólst í því að kennarar gátu bókað rútu samhliða bókun í garðinn án kostnaðar fyrir skólann. Þetta var gert til að tryggja öryggi nemenda í miðju Covid19 og léttu álagið á kennurum í að skipuleggja heimsóknina. Þetta leiddi til þess að fleiri skólar nýttu sér fræðslutilboðið, þó svo lokanir í garðinum vegna Covid19 hafi spilað inn fjölda mögulegra heimsóknardaga.

## Samstarf við Birtu stoðdeild

Birta stoðdeild Álftramýrarskóla er skólaúrræði fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Á starfsárinu 2019-2020 hófst samstarf Birtu stoðdeildar og MÚÚ. Samstarfið fól í sér að MÚÚ tæki á móti börnum frá deildinni í sérstaka dagskrá sem unnin væri í samstarfi við starfsfólk deildarinnar.

Markmiðið með samstarfinu er að kynna íslenska náttúru fyrir þátttakendum og gefa þeim tækifæri á að upplifa hana á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

				Leiðbeinendur	
Starfsár	Staður	Aldur	Fjöldi	KK	KVK
2020-2021	Reykjanes	13-16	10	3	3
2020-2021	Heiðmörk	10-16	30	5	5
2019-2020	Elliðaárdalur	10-16	20	4	3

Dagskráin er þátttakendum að kostnaðarlausu. Allur búnaður sem börnin þurfa til að taka þátt í dagskránni er útvegaður af MÚÚ eða Birtu stoðeild. Á þessu starfsári tekur MÚÚ vikulega á móti hópum frá Birtu stoðeild.

### Skíða á skólatíma

Skíða á skólatíma með 2.bekk hefur verið tilraunaverkefni á skóla- og frístundasviði í umsjón MÚÚ, Gufunesbæ. Verkefnið er samstarfsverkefni MÚÚ, Skíðasvæðanna í borginni og þeirra grunnskóla í Reykjavík sem vilja taka þátt.

Markmið verkefnisins er að gefa nemendum í 2.bekk tækifæri til að prófa skíði en einnig að fá reynslu í móttöku skóláhópa á skíðasvæðin í borginni með áherslu á þjónustu við byrjendur. Þröskuldur inn í skíðaíþróttina er nokkuð hár og yfirleitt eiga börn ekki aðgang að henni nema foreldri eða nánir aðstandendur séu einnig skíðafólk. Framtíðarsýn þessa verkefnis er að öll börn hafi fengið nokkur tækifæri til að kynna íþróttinni áður en þau ljúka grunnskólagöngu.

Í dag skráir umsjónarkennari bekkinn í verkefnið og tiltekur hvaða brekka og dagar vikunnar eru heppilegir til að fara í brekkuna. Einnig sendir umsjónarkennari upplýsingar á MÚÚ varðandi hvaða búnað þátttakendur þurfa. Bekkurinn er svo látinn vita með nokkurra daga fyrirvara að komið sé að þeim að skíða.

Á starfsárinu 2018-2019 var tveimur skólum boðið að taka þátt í verkefninu. Það gekk mjög vel svo ákveðið var að opna verkefnið til allra skóla SFS. Starfsárið 2019-2020 tóku hópar frá 7 skólum þátt í verkefninu en hættu þurfti verkefninu vegna Covid19. Verkefnið fór ekki í gang skólaárið 2020-2021 vegna Covid19 en þrjú skólar voru þá þegar forskráðir í verkefnið.

Starfsár	Hópar	Fjöldi	Skráningaraðili		Þátttakendur	
			KK	KVK	KK	KVK
<del>2020-2021</del>	4	<del>61</del>	0	3	29	32
2019-2020	11	221	0	7	104	117
2018-2019	4	79	0	2	42	37

Þátttaka í verkefninu kostar ekkert og þátttakendur þurfa ekki að eiga skíðabúnað eða kunna á skíði.

### Skíðabrekkur í skóla- og frístundastarfi

Útilífssvið Gufunesbæjar, sem MÚÚ er hluti af, hefur rekið skíðabrekkurnar í borginni til fjölda ára. Undanfarin ár hafa verið haldin lyftu- og öryggisnámskeið fyrir starfsfólk SFS (kennara og félagsmiðstöðva starfsmenn) með það markmið að gera skólum og félagsmiðstöðvum kleift að nýta sér aðstöðuna til skíðaiðkunar. Nokkrir skólar og þó nokkrar félagsmiðstöðvar hafa nýtt sér þessa þjónustu, en engin formleg skráning hefur verið á henni.

Námskeiðið og aðgengi að skíðasvæðunum kostar ekkert.

Hjá Reykjavíkurborg er í gangi vinna sem miðar að því að lengja opnunartíma skíðasvæðanna í borginni og gera skíðasvæðin aðgengilegri byrjendum og skóla- og frístunahópum. Vinna við *Vetrargarðinn* í Breiðholti er komin af stað og einnig er unnið að því að gera tilraun með snjóframleiðslu í Ártúnsbrekku.

### Klifurturninn

Hægt er að koma með hópa á skóla- og frístundasviði í Klifurturninn við Gufunesbæ. Turninn er gamall súrheysturn sem breytt var í klifur og ísklifurturn. Fyrir þremur árum síðan var settur upp sjálftryggibúnaður sem gerir hópum enn auðveldara fyrir að nýta sér aðstöðuna og er öruggari í allri framkvæmd. Formleg skráning á hópum er ekki aðgengileg fyrir síðastliðin ár en lausleg yfirferð yfir þau skráningargögn (tölvupóstur og dagbækur) sem til eru sýna að tekið er á móti vel yfir 100 hópum í klifur á hverju starfsári. Þjónustan er vel nýtt af frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og sérhópum grunnskóla. Ekki eru til gögn um kyn skráningaraðila eða þátttakenda.

Aðgengi hreyfihamlaðra að turninum er mjög gott en aðgengi inn í turninn er ekki gott. Fara þarf upp nokkuð brattan stiga með 4 þrepum til að komast inn í turninn og aðstæður nokkuð erfiðar. Einnig er ekki til sérstakur búnaður til að taka á móti hreyfihömluðum en skoðun á slíkum búnaði hefur verið gerð með tilliti til sértæku félagsmiðstöðvanna.

Öllum sem klifra er útvegað klifurbelti og hjálmur. Þjónustan kostar ekkert.

## Samantekt

Við greiningu á helstu verkefnum MÚÚ með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar er varpað ljósi á þætti sem starfsfólk MÚÚ hefur alla jafna ekki leitt hugann að á skipulagðan hátt. Þegar rýnt er í starfsemina kemur í ljós að margt í starfseminni hefur jákvæð jafnréttisáhrif en einnig kemur í ljós að ýmislegt má skoða betur og markvissar út frá jafnréttissjónarmiðum.

Með fræðslutilboði í *Perluna Museum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn* til grunnskóla Reykjavíkur er verið að tryggja aðgengi barna að þessum stöðum á skólagöngu sinni, óháð fjárhag. Því mætti segja að þetta fræðslutilboð hafi mjög jákvæð jafnréttisáhrif. Hins vegar þyrfti að skoða hvort ennþá séu einhverjar hindranir fyrir skóla til að nýta sér þetta tilboð.

*Skiðað á skólatíma* og samstarfið við Birtu stoðdeild eru önnur dæmi um verkefni sem hafa mjög mikil jákvæð jafnréttisáhrif. Bæði verkefnin eru til þess fallin að gefa börnum reynslu og upplifun sem, vegna aðstæðna eins og t.d. fátæktar, tungumála eða fjölskyldu ættu annars ekki kost á henni.

Einnig kemur það mjög sterkt fram að eftir því sem kennarar þurfa minna að hugsa um samgöngur, kostnað vegna þeirra og skipulagningu, því líklegri eru þeir til að nýta fræðslutilboð sem skólum standa til boða. Á síðasta starfsári (2020-2021) var tilraunaverkefni í rútuþjónustu í gangi hjá MÚÚ sem tókst mjög vel. Gert er ráð fyrir að endurtaka tilraunina á þessu starfsári. Mikilvægt er að rýna þetta verkefni vel eftir að því líkur til að skoða áhrif þess með tilliti til jafnréttissjónarmiða.

Skoða þarf betur upplýsingagjöf á vefsíðu MÚÚ varðandi:

- aðgengi hreyfihamlaðra að dagskrá og námskeiðum MÚÚ. Einnig þarf að skoða mögulegt samstarf við hagsmunaaðila hreyfihamlaðra og annara hópa með sérþarfir. Sem dæmi um samstarf væri útfærsla á dagskrá fyrir sértæku félagsmiðstöðvarnar og betra aðgengi, t.d. að klifurturni.
- upplýsingagjöf um það hráefni sem notað er til matargerðar í dagskrá MÚÚ.
- hvort ástæða sé til að upplýsingar frá MÚÚ og efnisþættir í dagskrá séu þýddir yfir á önnur tungumál.

Einnig þarf að skoða betur hvort hægt sé að höfða meira til karlkyns kennara og leiðbeinenda við val á námskeiðum og annarri dagsskrá, en svo virðist sem þeir séu síður að skrá sig á námskeið eða í aðra dagsskrá hjá MÚÚ.

Eftir að hafa rýnt helstu starfsemi MÚÚ með aðferðafræði KFS er ljóst að nauðsynlegt er að skoða starfsemina reglulega út frá jafnréttissjónarmiðum og setja niður sértækar aðgerðir og markmið í starfsáætlun sem stuðla að því að jafnréttisáhrif fléttist inn í alla starfsemi MÚÚ.

## Fylgiskjal 1. Skráning - Út vil ek námskeið

2020-2021

Ártal	Námskeið	Aldur	Leiðbeinendur			Þátttakendur	
			Fjöldi þátttak.	KK	KVK	KK	KVK
2020	Frábært ferðalag	18+	11	0	1	5	6
2020	Spýrur, snæri og hengirúm	18+	14	1	0	2	12
2020	Útiildun - grunnur	18+	12	1	0	2	10
2020	Hjólaferðir í leik og starfi	18+	14	0	1	3	11
2020	Rathlaup	18+	14	1	0	6	8
2020	Gufuneseyjan	18+	14	1	0	3	11
2020	Gufuneseyjan	18+	14	1	0	7	7
2020	<i>Frábært ferðalag</i>	<i>18+</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>
2020	Útiildun - grunnur	18+	12	1	0	1	11
2020	Spýrur, snæri og hengirúm	18+	14	1	0	4	10
2020	Hjólaferðir í leik og starfi	18+	14	0	1	5	9
2020	Rathlaup	18+	9	1	0	2	7
<b>Samtals</b>			<b>142</b>	<b>8</b>	<b>3</b>	<b>40</b>	<b>102</b>
			<i>MÚÚ</i>	<i>8</i>	<i>3</i>		
			<i>Utanaðk.</i>	<i>0</i>	<i>0</i>		

2019-2020

Ártal	Námskeið	Aldur	Leiðbeinendur			Þátttakendur	
			Fjöldi þátttak.	KK	KVK	KK	KVK
2019	Útiildun fyrir lengra komna	18+	14	1	0	0	14
2019	Taktu jákvæð skref í átt að meiri ham...	18+	18	0	1	0	18
2019	Útinám - fastur liður í daglegu skólasterfi	18+	21	0	1	1	20
2019	Útiildun – eldfimi	18+	12	1	0	4	8
2019	Spíur, snæri, hengirúm og skýli	18+	14	1	0	9	5
2019	Útiildun – eldfimi	18+	12	1	0	4	8
2019	Tjaldútilega í skólasterfi	18+	9	0	1	6	9
2019	Gufuneseyjan	18+	18	1	0	4	14
2019	Ronja	18+	15	0	1	0	15
2019	Leikir og samvinnuþrautir	18+	10	1	0	2	8
2019	Gufuneseyjan	18+	9	1	0	5	4
2019	Útinám fastur liður í skólasterfi	18+	12	0	1	0	12
2019	Gullkistan	18+	12	0	1	2	10
2019	Skógurinn og sköpun	18+	11	0	1	2	9
<b>Samtals</b>			<b>187</b>	<b>7</b>	<b>7</b>	<b>39</b>	<b>154</b>
			<i>MÚÚ</i>	<i>5</i>	<i>2</i>		
			<i>Utanaðk.</i>	<i>2</i>	<i>5</i>		

2018-2019

Ártal	Námskeið	Aldur	Leiðbeinendur			Þátttakendur	
			Fjöldi þátttak.	KK	KVK	KK	KVK
2018	<i>Útiildun - opnar hlóðir og útiildhús</i>	<i>18+</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>
2018	Stærðfræðin í nærumhverfinu	18+	7	0	1	1	6
2018	Spíur, snæri, hengirúm og skýli	18+	17	1	0	9	8
2018	Leikir og samvinnuþrautir	18+	16	1	0	9	7
2018	Listin í náttúrunni	18+	6	0	2	2	4
2018	Fuglar og fuglaskoðun í Reykjavík	18+	7	1	0	2	5
2018	Hreyfifærni í náttúrulegu umhverfi	18+	22	0	1	8	14
2018	Gufuneseyjan	18+	17	1	0	7	10
2018	Desember í skóginum	18+	9	0	1	0	9
2019	Stjörnufræði	18+	41	1	0	23	18
2019	<i>Oft er í holti heyrandi nær</i>	<i>18+</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>
2019	Könnunarleiðangur	18+	12	0	1	4	8
2019	Lífið í fjörinni	18+	14	0	3	3	11
2019	Leikir og samvinnuþrautir	18+	14	1	0	5	9
2019	Náttúran í listinni og sköpun í náttúrunni	18+	8	0	1	1	7
2019	<i>Gufuneseyjan</i>	<i>18+</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>
2019	<i>Spíur, snæri, hengirúm og skýli</i>	<i>18+</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>
2019	<i>Útiildun opnar hlóðir</i>	<i>18+</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>
<b>Samtals</b>			<b>190</b>	<b>6</b>	<b>10</b>	<b>74</b>	<b>116</b>
			<i>MÚÚ</i>	<i>2</i>	<i>1</i>		
			<i>Utanaðk.</i>	<i>4</i>	<i>9</i>		

## Fylgiskjal 2. Skráning - Önnur þjónusta MÚÚ

### 2020-2021

Nafn þjónustu	Aldur	Fjöldi		Skráningaraðili		Þátttakendur	
		Þátttak.	Hópar	KK	KVK	KK	KVK
2020 Úti er ævintýri - Haustdagskrá	10-12	485	20	9	11	?	?
2020 Úti er ævintýri - Jóladagskrá	4-9	599	22	5	17	?	?
2021 Úti er ævintýri - Vetrardagskrá	6-12	958	38	9	29	?	?
2021 Úti er ævintýri - Vordagskrá	13-16	196	9	5	4	?	?
Lundurinn - útikennslustofa	4-16	903	37	12	25	?	?
Perlan Museum og Náttúruminjasafn	10 & 14	2052	53	11	42	?	?
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	8	788	23	0	23	?	?
Birta stoðdeild	10-16	40	2	0	1	?	?
Skíðaþ á skólatíma	7	0	0	0	0	0	0

### 2019-2020

Nafn þjónustu	Aldur	Fjöldi		Skráningaraðili		Þátttakendur	
		Þátttak.	Hópar	KK	KVK	KK	KVK
2019 Úti er ævintýri - Haustdagskrá	10-12	175	9	2	7	?	?
2019 Úti er ævintýri - Jóladagskrá	2-12	130	5	1	4	?	?
2020 Úti er ævintýri - Vetrardagskrá	10-16	0	0	0	0	?	?
2020 Úti er ævintýri - Vordagskrá	13-16	50	2	1	1	?	?
Lundurinn - útikennslustofa	4-16	1156	50	4	46	?	?
Perlan Museum og Náttúruminjasafn	10 & 14	1772	38	2	36	?	?
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	8	309	8	0	8	?	?
Birta stoðdeild	10-12	20	1	0	1	?	?
Skíðaþ á skólatíma	7	221	11	0	7	104	117

### 2018-2019

Nafn þjónustu	Aldur	Fjöldi		Skráningaraðili		Þátttakendur	
		Þátttak.	Hópar	KK	KVK	KK	KVK
Úti er ævintýri - Haustdagskrá	3-12	538	21	4	17	?	?
Úti er ævintýri - Jóladagskrá	4-9	454	20	2	18	?	?
Úti er ævintýri - Vetrardagskrá	6-12	0	0	?	?	?	?
Úti er ævintýri - Vordagskrá	13-16	0	0	?	?	?	?
Lundurinn - útikennslustofa	4-16	139	7	?	?	?	?
Perlan Museum og Náttúruminjasafn	10 & 14	1160	30	?	?	?	?
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	8	715	19	?	?	?	?
Skíðaþ á skólatíma	7	79	4	0	2	42	37

## Fylgiskjal 3. Erindisbréf



# ERINDISBRÉF

<b>Heiti hóps:</b> Verkefnahópur vegna KFS greiningar – Starfsemi Miðstöðvar útivistar og útináms
<b>Ábyrgðarmaður:</b> Helgi Grímsson
<b>Hlutverk:</b>  Tilgangur verkefnisins er að greina helstu starfsemi Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ) með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS). Rýna skal í hvort skipulag og framboð á námskeiðum komi jafnt til móts við börn og unglinga af öllum kynjum og á öllum aldri. Einnig skal greina önnur verkefni MÚÚ svo sem skíðabrekkur, heimsóknir í Perluna og önnur verkefni sem hópurinn telur mikilvægt að greina út frá jafnréttissjónarmiðum og aðgengismálum. Sérstaklega skal rýna í jafnréttisáhrif með tilliti til jaðarhópa s.s. barna með fötlun, barna með annað móðurmál en íslensku og barna sem búa við fátækt.
<b>Helstu verkefni:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Að taka saman lista yfir þau námskeið sem í boði voru á skólaárunum 2019-2020 og 2020-2021</li><li>• Að taka saman lista yfir þá hópa sem þegið hafa aðra þjónustu MÚÚ á skólaárunum 2019-2020 og 2020-2021</li><li>• Að taka saman upplýsingar um aldur þátttakenda og kyn þar sem þær upplýsingar liggja fyrir</li><li>• Að skoða hvort einhver námskeið eða þjónusta hafi sérstaklega jákvæð jafnréttisáhrif fyrir einhverjar hópa</li><li>• Að skoða hvort einhverjir hópar barna séu útilokaðir frá einhverjum námskeiðum eða þjónustu t.d. vegna hreyfihömlunar, íslensku kunnáttu eða fjárhags</li><li>• Að skoða kynjahlutföll leiðbeinenda námskeiða og þeirra kennara sem skrá hópa á námskeið</li><li>• Að leggja fram tillögur að frekari greiningu eða úrbótum eftir því sem við á</li></ul>
<b>Fulltrúar í hópi:</b>  Anna Kristín Bang, Hafsteinn Hrafn Grétarsson, Helgi Grétar Helgason
<b>Formaður vinnuhóps:</b> Hafsteinn Hrafn Grétarsson
<b>Starfsmaður/verkefnastjóri:</b> Anna Kristín Bang
<b>Ráðgjöf/samstarf:</b>  Starfshópur KFS á skóla- og frístundasviði Sigríður Finnbogadóttir verkefnastýra KFS hjá Reykjavíkurborg Aðrir sérfróðir aðilar sem hópurinn kys að leita til
<b>Starfstímabil og skil:</b>  10.06'21 – 30.09'21  Auk lokaskýrslu skal skila bréfi til ábyrgðarmanns þar sem tilgreint er hverjar helstu tillögur eru, kostnaðarmat ef það á við og skilgreining á ábyrgð og eftirfylgni með framkvæmd tillagna.